

- 115 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Estivu S. Björns-  
20. ágúst dóttur, Þingeyri við Dýrafjörð“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms-  
málaráðherra 20. ágúst 1949.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Estivu S. Björnsdóttur, Þingeyri við Dýrafjörð.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Estivu Sigurlaugar Björnsdóttur, fædd á Litlavelli í Reykjavík hinn 1. nóvember 1880, en fluttist hingað til Þingeyrar 11. júní 1905 og dó hér 31. ágúst 1943.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1. nóvember 1948 af manni hennar, Guðmundi J. Sigurðssyni, og börnum þeirra hjóna, Rannveigu Guðmundsdóttur, Matthíasi Guðmundssyni og Sigurbjörgu J. Guðmundsdóttur, með kr. 5000.00 — fimm þúsund krónum —, og kvenfélaginu Von, Þingeyri, með kr. 1000.00 — eitt þúsund króna — gjöf í tilefni af 40 ára afmæli félagsins 17. febrúar 1947, sem Estiva var meðstofnandi að og félagi í til æviloka.

### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins eru framanskráðar kr. 6000.00 — sex þúsund krónur —, sem leggja skal inn í Sparisjóð Þingeyrarhrepps og ávaxtast þar, þangað til hann er orðinn 15 þúsund krónur, en þá má verja hálfum ársvöxtum hans til þess, sem um getur í 4. grein að sé tilgangur sjóðsins, en hinn helmingur ársvaxta skal ávallt leggjast við höfuðstól, þar til sjóðurinn er orðinn 50 þúsund krónur. En þá má stjórn sjóðsins nota alla ársvexti hans, eftir ákvörðun hennar ár hvert.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að styrkja til námskeiða og skólahalds í húsmæðrafræðslu kvenna, svo og saum, vefnað og þrjón, sem húsmæðrum er nauðsynlegt til lífsstarfars.

Starfssvæði sjóðsins er Þingeyrarkauptún.

### 5. gr.

Þangað til og eftir að sjóðurinn tekur til starfa, skal stjórn kvenfélagsins Von á Þingeyri taka á móti væntanlegum gjöfum, er sjóðnum kunna að berast og hafi allt reikningshald hans á hendi, samkvæmt 3. grein. En hætti félagið Von störfum, skal síðasta stjórn þess tilkynna hreppsnefnd Þingeyrarhrepps upplausn félagsins, eða þáverandi bæjarstjórn Þingeyrarkauptúns, sem kýs þá tvær konur í stjórn sjóðsins, auk sóknarprestsins, sem ávallt er upp frá því sjálfkjörinn í stjórn hans.

### 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal reikningur hans vera gerður og endurskoðaður fyrir febrúarlok ár hvert.

## 7. gr.

115

Endurskoða má skipulagsskrá þessa með 25 ára millibili, en ekki breyta tilgangi hennar samkvæmt 4. grein. 20. ágúst

Þingeyri, 16. október 1948.

Guðm. J. Sigurðsson.

F. h. kvenfélagsins Von

Álfheiður Óladóttir, forstöðukona.

Camilla C. Proppé, ritari.

Ingunn Angantýsdóttir, féhirðir.

## GJALDSKRÁ

116

fyrir Rafveitu Vestmannaeyja.

22. ágúst

## I. RAFORKA

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

## A. Lýsing.

Um kwst.mæli á kr. 1.25 hver kwst.

## B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á 40 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 4.00 á mánuði fyrir hvert herbergi í íbúð. Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m<sup>2</sup> skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m<sup>2</sup> sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 m<sup>2</sup> má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m<sup>2</sup> jafngildi einu herbergi og 5 m<sup>2</sup> hálfu herbergi.
2. Um kwst.mæli á 60 aura hver kwst., enda sé þá í íbúðinni tengd eldavél eða annað rafmagnstæki, er rafveitustjóri telur hliðstætt, og notandi ábyrgist að minnsta kosti 360 kwst. ársnotkun á hvern heimilismann.

## C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á 50 aura hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 110.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Um kwst.mæli til fiskiðnaðar, ef uppsett rafvélaafl fastra véla er yfir 40 kw.:

|        |     |                                           |   |   |   |    |   |
|--------|-----|-------------------------------------------|---|---|---|----|---|
| Fyrstu | 50  | þús. kwst. ársnotkun á 35 aura hver kwst. |   |   |   |    |   |
| Næstu  | 100 | —                                         | — | — | — | 30 | — |
| —      | 100 | —                                         | — | — | — | 28 | — |
| Umfram | 250 | —                                         | — | — | — | 25 | — |

Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegis og 1 stund að kveldi.

## D. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á 40 aura hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.